Hæð byggingarinnar hlýtur að þurfa að endurmeta. Það getur ekki verið ásættanlegt að setja niður tuttugu metra háan turn beint á móti, já og í nokkurra metra fjarlægð frá löngu byggðum íbúðarhúsum. Sjálfsögð krafa hlýtur einnig að vera að húsið sé haft eins langt frá húsunum í Trönuhjalla eins og hægt er m.t.t. lóðarinnar.
Það þarf að tryggja það í deiliskipulagi að óheimilt sé að hafa upplýsanleg skilti sem snúa að íbúðarhverfinu.
Það er síðan öllum ljóst sem fara um Dalveginn að hann ber ekki núverandi umferð á álagstímum og þessi bygging gerir ekkert annað en að auka á það álag. Algjörlega sama hvernig reiknimeistarar reikna, þetta gengur ekki upp!

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.11.2026